



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun í dag, sunnudaginn 13. júlí, afhenda Íslensku safnaverðlaunin við hátíðlega athöfn sem hefst á Bessastöðum kl. 16:00. Í dag er haldið upp á íslenska safnadaginn.

Íslensku safnaverðlaunin eru veitt annað hvert ár því safni sem þykir hafa skarað fram úr. Þau voru fyrst afhent árið 2000. Kallað var eftir ábendingum frá almenningi með auglýsingum í blöðum og bárust yfir 60 tillögur. Endurspeglar það fjölbreytni og metnað í íslensku safnastarfi. Á grundvelli tillagnanna frá almenningi eru þrjú söfn tilnefnd til verðlaunanna. Sérstök dómnefnd fjallar um þau söfn sem tilnefnd eru.

Í ár eru Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði, Minjasafnið á Akureyri og Safnasafnið á Svalbarðsströnd tilnefnd til verðlaunanna.

Fjölmiðlum er boðið að senda fulltrúa sína á athöfnina á Bessastöðum.

Hér á eftir fylgir greinargerð dómnefndar um þau söfn sem tilnefnd eru til safnaverðlaunnanna árið 2008.

### BYGGÐASAFN VESTFJARÐA

Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði er einstakt safn í sinni röð. Sýningarvæði þess er í Neðstakaupstað þar sem standa fjögur hús frá 18. öld, Tjöruhúsið, Krambúð og Faktorshúsið og Turnhúsið, sem saman mynda elstu heild húsa á Íslandi. Byggðasafn Vestfjarða hefur staðið að varðveislu þessara merkilegu húsa með þeim hætti að til fyrirmyndar er

og í Neðstakaupstað hefur tekist að skapa andrúmsloft sem vitnar um atvinnuhætti fyrri tíma.

Byggðasafn Vestfjarða leggur áherslu á að safna bátum og bátavélum og hefur farið þá leið í varðveislu báta að halda þeim sjófærum og stuðla þannig að því að viðhalda verkþekkingu við bátasmíðar. Safnið hefur umsjón með elsta slipp landsins þar sem unnt er að standa að viðhaldi báta. Það skal segjast eins og er að sú leið að gera gömlu bátana sjófæra og sigla þeim á pollinum þykir heldur óvenjuleg aðferð við að sýna safnkostinn. Þessi leið er óneitanlega lifandi og bátarnir fá líf á nýjan leik. Þessi leið sýnir kjark og djörfung og jafnframt metnað og framsýni stjórnenda og starfsmanna Byggðasafns Vestfjarða.

Tekinn hefur verið í notkun fyrsti áfangi nýs safnhúss, þar sem eru geymslur og verkstæði. Þar er safngripum búin góð aðstaða. Með byggingu safnhússins var byggð upp framúrskarandi aðstaða til innra safnastarfs sem er jafn mikilvægt hverju safni og ytra starf í sýningarstarfi. Uppbygging Byggðasafns Vestfjarða hefur mikla þýðingu fyrir staðarímynd bæja og landshluta eins og Ísafjarðar og Vestfjarða.

## **MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI**

Minjasafnið á Akureyri er eitt öflugasta byggðasafn landsins og er í góðum tengslum við umhverfi sitt. Það hefur markvisst byggt upp öfluga starfsemi þar sem hin innri og þýðingarmiklu störf hafa verið unnin af alúð og samviskusemi. Það stendur fyrir metnaðarfullum sýningum í Laufási, Kirkjuhvoli á Akureyri, Nonnahúsi og víðar. Safnfræðsla, þar sem safnkennsla er í lykilhlutverki, og önnur miðlun eru til fyrirmyndar.

Safnið hefur um árabíl virkjað almenning til samvinnu til að viðhalda þekkingu eldri kynslóða og notað rannsóknir á minjaumhverfinu, s.s. fornleifaskráningu, fornleifarannsóknir og húsakannanir til vitundarvakningar um menningu byggðanna. Safnið varðveitir þúsundir muna og heimilda um minjaumhverfið og á mikið safn ljósmynda. Allt er þetta skráð með aðgengilegum hætti. Tvö virk áhugamannafélög, sem standa að safninu, sýna vel lifandi áhuga heimamanna og starfsfólks safnsins fyrir störfum þess. Með hinu nýja Gásaverkefni sýnir safnið hvernig hægt er að nýta minjaarfinn til vitundarvakningar um þýðingu minjastaða og sögunnar og hvernig hægt er að sameina krafta áhugahópa í starfsumhverfi safnsins um leið og styrktar eru stoðir menningartengdrar ferðaþjónustu í héraði. MSA er fyrirmyndarsafn.

## SAFNASAFNIÐ

Í Safnasafninu á Svalbarðsströnd fer fram ástríðufull söfnun á alþýðulistaverkum sem flokka má sem sjálfsprottna list og svo varðveisla þessa menningararfs sem annars hefði getað farið forgörðum. Safnið geymir auk þess fjölda annarra forvitnilegra gripa, mikið brúðusafn og einstakt leikfangasafn. Safnasafnið á einnig fjölbreytt safn nútímalistaverka eða verk eftir lærða samtímalistamenn, svo sem málverk, höggmyndir, teikningar, vatnslitamyndir og útsaum. Öll ytri umgjörð safnsins er til fyrirmyndar. Nýlega hefur sýningarrými safnsins stækkað töluvert með nýrri viðbyggingu sem tengir saman upphaflega húsnaðið og eldra hús sem flutt var á staðinn. En sýningar safnsins teygja sig líka oft en ekki út fyrir safnahúsið í aðliggjandi garð og trjálundi.

Styrkur safnsins felst í einstökum safnkosti og miðlun hans, sem og fjölmörgum árlegum sýningum sem eru áhugaverðar og spennandi. Mikil áhersla hefur verið lögð á að tengja saman alþýðulist og samtímalist, þ.e. hina sjálfsprottnu list og list lærðra myndlistarmanna með sýningum þar sem hugmyndaheimur og mörk myndlistarinnar eru könnuð. Safnið hefur áhugavert og persónulegt yfirbragð þar sem gestir hafa aðgang að stóru bókasafni um viðfangsefni sem tengjast safneigninni.

Safnasafnið er dæmi um það hvernig ódrepani áhugi og ástríða einstaklings á viðfangsefninu ásamt faglegum metnaði gerir safnið að áhugaverðum og spennandi stað að heimsækja. Safnasafnið við Svalbarðsströnd er sannarlega fyrirmyndarsafn þar sem leitast er við að varðveita, túlka og kynna menningararfinn á framsækinn og áhugaverðan hátt.

13. júlí 2008.

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og fulltrúar íslensku safnaverðlaunanna Ágústa Kristófersdóttir (896 1229) og Ólöf K. Sigurðardóttir (820 1206).*